Sveinn Eyþórsson

# TÓNFRÆÐI



1. stig

**www.classicalguitarschool.net**

## *Formáli*

*Þessi bók er ætluð nemendum 9 ára og eldri sem 1. stigs verkefni í tónfræði. Hægt er að nota bókina sem kennsluefni í einkatímum ásamt hljóðfæranáminu eða í hópkennslu hjá tónfræðikennurum. Tónheyrn er ekki tekin fyrir í bókinni því verður að kenna hana eftir öðru námsefni samhliða tónfræðinni. Venjulegur námshraði með þessu efni væri einn vetur í hópkennslu, en einn til tveir í einkatímum ásamt hljóðfæranáminu, en þetta fer þó alltaf eftir aldri og þroska nemandans. Aftast í bókinni eru nótnalínur sem ætlaðar eru til æfinga eða aukaverkefna sem kennarinn semur eftir þörfum nemandans. Þetta er fyrsta bókin af fimm bókum, námsefni í tónfræði 1. til 5. stig.*

*Sveinn Eyþórsson*

© 1991 Sveinn Eyþórsson

Nafn:_______________________________

Heimili:_____________________________

Sími:__________

# Efnisyfirlit


| | Bls |
|---|---|
| Nótnastrengurinn | 4 |
| Lengdargildin | 7 |
| Þagnir | 9 |
| Punktar | 12 |
| Takttegundir | 15 |
| Formerki | 19 |
| Tónstigar | 22 |
| Þríhljómar | 26 |
| Orð og merki | 28 |
| Nótnaskrift | 32 |

# 1. Nótnastrengurinn







1. Teiknið G-lykla:

2. Teiknið F-lykla:

3. Lærið nöfnin á nótunum í G og F-lykli:



4. Skrifið fyrir neðan hverja nótu hvað hún heitir. Gætið að lyklinum fremst í hverri línu:



5. Skrifið þessar nótur:



F á línu | C á bili | G á bili | D á línu | A á bili | E á bili | H á línu



H á línu | E á bili | A á bili | D á línu | G á bili | C á bili | F á línu



F á bili | C á línu | G á línu | D á bili | A á bili | E á línu | H á línu



H á bili | E á línu | A á línu | D á línu | G á línu | C á línu | F á bili

6. Skrifið réttan lykil fyrir framan hverja nótu:



A H E G



D C F A



H F F E



F C G H

# 2. Lengdargildin




Ef tvær eða fleiri áttundapartsnótur fara saman eru þær dregnar saman með bjálka.




Nótur sem eru á þriðju línu og þar fyrir ofan eru með legginn vísandi niður en nótur fyrir neðan þriðju línu eru með legginn vísandi upp.



1. Skrifið heilnótur á línum og bilum:

2. Skrifið hálfnótur á línum og bilum:

3. Skrifið fjórðapartsnótur á línum og bilum:

4. Skrifið áttundapartsnótur á línum og bilum og bjálkið þær saman tvær og tvær:

Þannig skiptist heilnótan



5. Hve margar hálfnótur eru í einni heilnótu? ________

6. Hve margar áttundapartsnótur eru í einni hálfnótu? ________

7. Hve margar fjórðapartsnótur eru í einni heilnótu? ________

8. Hve margar áttundapartsnótur eru í einni heilnótu? ________







9. Fyllið þessa takta með 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8 nótum:



# 3. Þagnir




1. Teiknið heilnótuþagnir:

2. Teiknið hálfnótuþagnir:

3. Teiknið fjórðapartsþagnir:

4. Teiknið áttundapartsþagnir:

5. Fyllið út þessa takta...






6. Setjið taktstrik í þessi tóndæmi:



7.



8.



9.



10. Setjið inn réttar þagnir þar sem merkin * eru:



# 4. Punktar

Punktur á eftir nótu  lengir gildi hennar um helming.
Þ. e. a. s. gildið + hálft gildið.



Þegar tveir punktar eru á eftir nótu þá jafngildir seinni punkturinn helmingnum af þeim fyrri.



Punktar eru einnig settir á eftir þögnum, og gilda þar sömu reglur.

1. Hve margar fjórðapartsnótur eru í einni punkteraðri hálfnótu? ______

2. Hve margar áttundapartsnótur eru í einni punkteraðri hálfnótu? ______

3. Hve margar áttundapartsnótur eru í einni punkteraðri heilnótu? ______

4. Hve margar áttundapartsnótur eru í einni punkteraðri fjórðapartsnótu? ______

5. Hve margar fjórðapartsnótur eru í einni punkteraðri heilnótu? ______

6. Hve margar áttundapartsnótur eru í einni tvípunkteraðri heilnótu? ______

7. Hve margar áttundapartsnótur eru í einni tvípunkteraðri hálfnótu? ______

8. Setjið inn taktstrik í eftirfarandi tóndæmi:



9. Setjið inn þagnir þar sem merkin    eru:



# 5. Takttegundir

Efri tala taktboðans er annað hvort 2, 3 eða 4. Hún segir okkur hvort takturinn er tví, þrí eða fjórskiptur og hve mörg slög við teljum í hvern takt. Neðri talan segir okkur hinsvegar hvað hvert slag er langt. Hún getur verið 2, 4 eða 8. 2 stendur fyrir hálfnótu, 4 fyrir fjórðapartsnótu og 8 fyrir áttundapartsnótu.

| Einfaldir taktboðar | | | |
|---|---|---|---|
| Nóta | Tvískiptir | Þrískiptir | Fjórskiptir |
| 𝅗𝅥 | **2<br>2** | **3<br>2** | **4<br>2** |
| ♩ | **2<br>4** | **3<br>4** | **4<br>4** |
| ♪ | **2<br>8** | **3<br>8** | **4<br>8** |

Áttundapartsnóturnar eru bjálkaðar fjórar saman ef neðri talan er 2, en tvær saman ef neðri nótan er 4. Ef neðri talan er 8 þá má bjálka saman allar áttundapartsnóturnar eða enga. Í 3/4 má einnig bjálka saman allar áttundapartsnóturnar og í 4/4 má bjálka saman fjórar áttundapartsnótur ef þær lenda á 1. og 2. eða 3. og 4. taktslagi.




1. Hvaða taktboði er fyrir einfaldan þrískiptan takt með hálfnótu í slagi? _____

2. Hvaða taktboði er fyrir einfaldan tvískiptan takt með fjórðapart í slagi? _____

3. Hvaða taktboði er fyrir einfaldan fjórskiptan takt með áttundapart í slagi? _____

Skrifið taktboða fyrir þessi dæmi:
























20. Endurritið eftirfarandi dæmi og setjið bjálka:









24. Setjið inn þagnir þar sem merkið er:



# 6. Formerki

Formerki eru sett fyrir framan nótu til að hækka eða lækka tónhæð hennar um hálfan tón.

| Bé<br>(Lækkunarmerki) | Kross<br>(Hækkunarmerki) | Afturköllunarmerki |
|---|---|---|
| ♭<br><br>Lækkar nótuna um hálfan tón | ♯<br><br>Hækkar nótuna um hálfan tón | ♮<br><br>Ógildir fyrri hækkun eða lækkun |

Setja verður formerkið á sama bil eða línu og nótan er á.



Formerkið gildir út hvern takt. Þ.e.a.s. ef hækkuð nóta kemur fyrir aftur seinna í taktinum er hún einning hækkuð nema að hún sé afturkölluð.




Nöfnin á nótunum breytast við hækkun og lækkun.

| Stofntónatafla | | |
|---|---|---|
| ♭ | ♮ | ♯ |
| Ces<br>Des<br>Es<br>Fes<br>Ges<br>As<br>B | C<br>D<br>E<br>F<br>G<br>A<br>H | Cís<br>Dís<br>Eís<br>Fís<br>Gís<br>Aís<br>Hís |

1. Teiknið bé á öllum línum og bilum:

2. Teiknið krossa á öllum línum og bilum:

3. Teiknið afturköllunarmerki á öllum línum og bilum:

4. Skrifið þessar nótur:



Cís Fís Ges Bé Gís Es Dís



Bé As Dís Ges Eís Ces Aís



Fes Hís Ces Bé Es Des As



Cís Es Gís Bé As Fís Des

5. Skrifið rétt nöfn undir þessar nótur:



6. Merki› vi› hærri nótuna í hverjum takti:



# 7. Tónstigar

| Tóntegundir | | | |
|---|---|---|---|
| F-dúr | C-dúr | G-dúr | D-dúr |
|  |  |  |  |
| 1 bé á H | engin formerki | 1 kross á F | 2 krossar á F og C |

Áður en við skrifum dúr tónstigann þurfum við fyrst að vita í hvað tóntegund hann á að vera. Því hver tóntegund hefur sín eiginlegu formerki sem við þurfum að setja í tónstigann annað hvort sem laus eða föst formerki. Föstu formerkin setjum við strax á eftir lyklinum fremst í línunni og gilda þau út línuna. Laus formerki setjum við á einstakar nótur tónstigans.
Fyrsta nóta tónstigans ákvarðast af tóntegundinni C-dúr byrjar á C, F-dúr byrjar á F o.s.f. Síðan er gengið í gegnum nótnastafrófið þar til við erum aftur komin með sama nótnaheitið og við byrjuðum tónstigann á. Bilin á milli 3. 4. og 7. 8. tóns í tónstiganum eru hálftónsbil.

1. Skrifið eftirfarandi föst formerki:



G-dúr F-dúr D-dúr



D-dúr D-dúr G-dúr

2. Skrifið G-lykil og C-dúr tónstiga upp á við:

3. Skrifið F-lykil og G-dúr tónstiga upp á við með föstum formerkjum:

4. Skrifið G-lykil og F-dúr tónstiga upp á við með lausum formerkjum:

5. Skrifið F-lykil og D-dúr tónstiga upp á við með föstum formerkjum:

6. Skrifið F-lykil og C-dúr tónstiga niður á við:

7. Skrifið G-lykil og D-dúr tónstiga niður á við með lausum formerkjum:

8. Skrifið G-lykil og F-dúr tónstiga niður á við með föstum formerkjum:

9. Skrifið G-lykil G-dúr tónstiga niður á við með föstum formerkjum:

10. Skrifið F-lykil og F-dúr tónstiga upp á við með föstum formerkjum:

11. Skrifið G-lykil og D-dúr tónstiga upp á við með lausum formerkjum:

12. Skrifið F-lykil og G-dúr tónstiga upp á við með lausum formerkjum:

13. Skrifið F-lykil og  tónstiga sem hefur tvo krossa upp og niður með lausum formerkjum, setjið boga á hálftóns bilin:

14. Skrifið G-lykil og G-dúr tónstiga upp og niður á við með lausum formerkjum, setjið boga á hálftóns bilin:

15. Skrifið F-lykil og F-dúr tónstiga upp og niður á við með föstum formerkjum, setjið boga á hálftóns bilin:

Setjið inn laus formerki svo tóndæmin verið í umbeðnum tóntegundum:

16. G-Dúr



17. F-dúr



18. D-dúr



19. G-dúr



20. F-dúr



21. D-dúr



22. G-dúr



23. F-dúr



# 8. Þríhljómar

Það kallast hljómur þegar tvær eða fleiri nótur eru leiknar samtímis.

Til að skrifa nótur sem leiknar eru samtímis eða hljóma þá skrifum við nóturnar lóðrétt á nótnastrenginn.

Þríhljómurinn er samsettur úr þremur nótum úr tónstiganum, þeirri 1., 3. og 5.

Við skrifum þríhljóminn með því að setja fyrstu nótuna neðst síðan tvær næstu nóturnar hverja upp af annarri.

Nóturnar 3 í þríhljómnum eru annað hvort allar á bilum eða línum.

Eins og með tónstigana þá eru þríhljómarnir skrifaðir með lausum eða föstum formerkjum. Ef um er að ræða laus formerki þá þarf aðeins að skrifa formerkið ef það á við einhverja nótu í hljómnum.

1. Hvað eru margar nótur í þríhljóm? ___________

2. Hvaða nótur tónstigans mynda þríhljóm? ___________

3. Skrifið hvað þessir þríhljómar heita:





4. Skrifið  G- lykil og þessa þríhljóma með lausum formerkjum:

F-dúr D-dúr C-dúr G-dúr

5. Skrifið  F- lykil og þessa þríhljóma með lausum formerkjum:

C-dúr F-dúr G-dúr D-dúr

6. Skrifið  G- lykil og þessa þríhljóma með föstum formerkjum:

G-dúr D-dúr C-dúr F-dúr

7. Skrifið  F- lykil og þessa þríhljóma með föstum formerkjum:

F-dúr C-dúr G-dúr D-dúr

# 9. Orð og merki

## Hraðatákn

| | |
|---|---|
| **Largo** | hægt, breitt |
| **Larghetto** | ekki eins hægt og  Largo |
| **Adagio** | rólega og gætilega |
| **Andante** | gangandi |
| **Andantino** | ekki eins hægt og Andante, gangandi létt |
| **Moderato** | hóflega hratt |
| **Allegretto** | hægar en Allegro |
| **Allegro** | glaðlega |
| **Presto** | fljótt |

## Hraðabreytingar

| | |
|---|---|
| *accelerando (accel.)* | hraðar |
| *stringendo (string.)* | kreistandi |
| *ritardando (rit.)* | seinka |
| *rallentando (rall.)* | hægar |
| *a tempo* | sami hraði og áður |
| *rubato* | frálst |

## Styrkleikatákn

| | |
|---|---|
| *ppp* | mjög, mjög veikt |
| *pp* | mjög veikt |
| *p* | veikt |
| *mp* | miðlungi veikt |
| *mf* | miðlungi sterkt |
| *f* | sterkt |
| *ff* | mjög sterkt |
| *fff* | mjög, mjög sterkt |
| *fz* | með valdi og krafti |

## Styrkleikabreytingar

| | |
|---|---|
| *crescendo (cresc.)* | með vaxandi styrk |
| *diminuendo (dim.)* | með minnkandi styrk |
| *calando* | dvínandi |
| *morendo* | deyjandi |

## Áhersluorð

| | |
|---|---|
| *staccato (stacc.)* | snöggt |
| *legato (leg.)* | bundið |


Nótnastrengur
G-lykill
F-lykill
Taktboði
Heilnótuþögn
Hálfnótuþögn
Fjórðapartsþögn
Áttundapartsþögn
Heilnóta
Hálfnóta
Fjórðapartsnóta
Áttundapartsnóta
Taktstrik
Kaflaskipti
Endurtekningarmerki
Endingarmerki
*Staccato*
*(stacc.)*
*Legato*
*(leg.)*
Bindibogi
Tengibogi
Dráttarbogi
*Fermata*
Áherslumerki
Bé
Kross
Afturköllunarmerki
*Crescendo (cresc.)*
*Diminuendo (dim.)*
*D.C.al Fine*
Með vaxandi styrk
Með minnkandi styrk
Frá byrjun að merkinu Fine

1. Þýðið þessi ítölsku orð:

Diminuendo ______________________

Presto ______________________

Accelerando ______________________

Staccato ______________________

D.C. al Fine ______________________

Morendo ______________________

Andante ______________________

Legato ______________________

Ritardando ______________________

Crescendo ______________________

2. Raðið þessum styrkleikatáknum upp frá veikt til sterkt:

*mf* - *ff* - *mp* - *f* - *pp*- *fz*

______________________

3. Raðið þessum hraðatáknum upp, hægt til hratt:

Allegretto - Presto - Larghetto - Adagio - Andantino - Moderato

______________________

4. Þýðið þessar skammstafanir:

rit. ______________________

cresc. ______________________

rall. ______________________

dim. ______________________

accel. ______________________

leg. ______________________

string. ______________________

stacc. ______________________

D.C. ______________________

5. Skrifið hvað þessi tákn heita:



# 10. Nótnaskrift

Í næstu dæmum eigið þið að endurrita tóndæmin og leiðrétta villur.

Athugið:

1) hvort föstu eða lausu formerkin séu rétt
2) hvort taktboðinn sé réttur og að hann komi á eftir föstu formerkjunum
3) hvort lengdargildi nótnanna séu í samræmi við taktboðann
4) hvort orð og merki séu rétt
5) hvort nóturnar séu rétt skrifaðar

1.



2.



3.



4.



5. LERGO



6. ALLAGRO



7. MODERALO



8. ALLERETTO



9. PRASTO



ISBN: 978-9935-446-73-2